

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Brúarhlöð, L234128, uppbygging á ferðamannastað, göngustígar og pallur.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Brúarhlaða, L234128. Í breytingunni felst að bætt er við nýjum göngustíg sem nær lengra til suðurs og afmarkað er svæði fyrir útsýnispall þar.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. desember 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 19. desember 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 9. janúar 2026